

Bæjarskrifst. Garðabæ	
Mótt.dags.	27.05.21
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	2105649



Reykjavík, 26. maí 2020

Bergljót Sigurbjörnsdóttir
Félagsgmálastjóri
Garðatorg 7
210 Garðabær

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999. Í dag eru félagar 485 talsins. Árið 2020 mættu að meðaltali 17 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 26 einstaklingar komu í kynningu. Einnig komu 16 fagaðilar og nemar í kynningu.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2019 voru 12% félaga í vinnu og 32% í námi af þeim sem spurðir voru í árangurskönnun 2019. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild. . Ekki var árangurskönnun gerð fyrir árið 2020 vegna covid.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun og eitt ár aukalega vegna covid á gæði starfseminnar í maí 2020, sem gildir til 31.maí 2024.